

# Íslandssjóðir hf. – Árshlutauppgjör 2015

Stjórn Íslandssjóða hf., sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015.

## Afkoma Íslandssjóða hf. fyrstu sex mánuði ársins 2015

- Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Íslandssjóða og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður rekstrarfélagsins eftir skatta fyrstu 6 mánuði ársins 2015 er 138 m.kr. samanborið við 25 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Rekstrargjöld námu 556 m.kr. samanborið við 576 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður og lækkuðu um 3,5%.
- Hreinar rekstrartekjur námu 728 m.kr. samanborið við 607 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður, hækkuðu um 19,9%.
- Eigið fé 30. júní 2015 nam 2.001 m.kr. en var 2.035 m.kr. í ársbyrjun.
- Heildareignir félagsins 30. júní 2015 námu 2.569 m.kr. en voru 2.600 m.kr. í árslok 2014.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 57,0% í lok júní, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok júní 2015 voru 23 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 122.527 milljónum króna samanborið við 114.130 m.kr. í lok árs 2014. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 86.651 milljónir króna og 11 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 35.876 milljónir króna.
- Fjárfestingarsjóðurinn Einkasöfn ÍS var stofnaður í upphafi árs 2015 en sjóðurinn starfar í fimm sjóðsdeildum (A-E). Sjóðirnir eru blandaðir og fjárfesta bæði í öðrum sjóðum og stökum verðbréfum.
- Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af Ernst & Young ehf. en við könnun kom ekkert fram sem bendir til annars en að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2015.
- Á fyrri hluta ársins störfuðu að meðaltali 13,3 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

## Lykiltölur í m.kr.

	6 mán. 2015	6 mán. 2014
Hreinar rekstrartekjur	728	607
Rekstrargjöld	556	576
Hagnaður fyrir skatta	172	31
Hagnaður eftir skatta	138	25
Eigið fé	2.001	1.832

## Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 3.562 m.kr. samanborið við 474 m.kr. tap fyrstu sex mánuði ársins 2014.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam 86.651 m.kr. samanborið við 88.190 m.kr. í árslok 2014.

## Lykiltölur í m.kr.

	Veltusafn	Ríkissafn	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7
Hagnaður (tap) tímabilsins	89	57	1.007	2.219
Hrein eign í lok tímabilsins	3.526	15.025	25.571	36.693

	Urvalsvisitala - Sjóður 6	Heimssafn - Sjóður 12	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	64	71	70	29
Hrein eign í lok tímabilsins	490	1.099	1.133	680

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	-13	-20	-4	-7	3.562
Hrein eign í lok tímabilsins	825	1.278	116	215	86.651

### Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini fyrstu sex mánuðina nam 1.934 m.kr. samanborið við 327 m.kr. tap fyrstu 6 mánuðina 2014.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða nam 35.876 m.kr. samanborið við 25.940 m.kr. í árslok 2014.

### Lykiltölur í m.kr.

	Lausafjár safn	Skuldabréfasafn	Overðtryggður sjóður IS	Fókus - Vextir	IS Hlutabréfasjóðurinn
Hagnaður (tap) tímabilsins	240	137	-60	98	1.477
Hrein eign í lok tímabilsins	12.095	4.154	3.116	3.807	10.902

	Einkasafn A	Einkasafn B	Einkasafn C	Einkasafn D	Einkasafn E
Hagnaður (tap) tímabilsins	1	3	30	3	4
Hrein eign í lok tímabilsins	50	216	1.252	186	93

	Fyrirtækja-sjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	1	1.934
Hrein eign í lok tímabilsins	5	35.876

Árshlutareikningur félagsins mun liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi, 4. hæð og hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, einnig á heimasíðu félagsins: [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is) frá og með 27. ágúst 2015.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins í síma 440-4593